

# SJÓNAUKINN

16. MARS 2022 - 22. MARS 2022

• 10. tölublað • 37. árgangur •

## Styrktarsjóður USVH

Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga auglýsir eftir umsóknum vegna fyrri úthlutunar úr styrktarsjóði USVH 2022.

U.S.V.H.



Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins má finna á heimasíðu USVH, [www.usvh.is](http://www.usvh.is).

U.S.V.H.



Umsóknir skal senda á netfangið [usvh@usvh.is](mailto:usvh@usvh.is) fyrir **mánudaginn 11. apríl**.  
Stjórn USVH

## Aðalfundur

Aðalfundur Ferðamálafélags Húnaþings vestra verður haldinn **fimmtudaginn 31. mars 2022, klukkan 16:00 á Hótel Laugarbakka**.

Nýjir sem og núverandi félagsmenn velkomnir.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundastörf

Ársreikningar fyrir árin 2020 og 2021

Kosning stjórnar

Önnur mál.

Stjórn Ferðamálafélags Húnaþings vestra.

## Deildafundir KVH 2022

**Aðalfundir deilda Kaupfélags Vestur-Húnavetninga  
verðahaldnir sem hér segir:**

Aðalfundur Hrútafjarðar- , Fremri- og  
Ytri -Torfustaðahreppsdeilda verður  
haldinn sameiginlega í **Skólahúsinu á Borðeyri,**  
**mánudaginn 21. mars kl. 20:30.**

Aðalfundur Hvammstangahreppsdeildar og Þverár-  
og Kirkjuhvammsdeildar  
verður haldinn sameiginlega í **Félagsheimilinu**  
**Hvammstanga, þriðjudaginn 22. mars kl. 20:30.**

Aðalfundur Þorkelshólshreppsdeildar verður haldinn í  
**Dæli, fimmtudaginn 24. mars kl. 20:30.**

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf deilda
2. Önnur mál

**Kaupfélag Vestur-Húnavetninga**





## Frá Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra

Vegna NorðurOrg sem er söngkeppni félagsmiðstöðva á norðurlandi mun íþróttamiðstöðin loka fyrir almenningi  
**kl. 14:00 á föstudaginn 25. mars** næstkomandi.

Íþróttá-og tómstundafulltrúi



## Umsóknir um orlofshús 2022

Nú er komið að sumarúthlutun orlofshúsa 2022 og geta félagsmenn okkar sótt um vikudvöl á eftirfarandi stöðum: **Illugastöðum, Einarstöðum, Ölfusborgum og Jötnagarðsás við Munaðarnes.**

Félagsmenn geta nálgast umsóknareyðiblöð til útprentunar á heimasíðu félagsins: **www.samstada.is** eða nálgast það á skrifstofum félagsins á Blönduósi eða Hvammstanga.

Umsóknum sé skilað á skrifstofur félagsins **eigi síðar en 31.mars, n.k.**

## **Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra - sumarafleysingar**

Hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra eru lausar til umsóknar stöður fjögurra lögreglumanna við embættið vegna sumarorlofa. Um er að ræða tímabundnar ráðningar sem taka til tímabilsins 1. maí til 15. september.

### **Helstu upplýsingar um vinnustaðinn**

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra er ríkisstofnun sem heyrir undir dómismálaráðuneytið. Stofnunin er eitt níu lögregluumdæma landsins sem ákveðin eru í lögreglulögum nr. 90/1996 og reglugerð um umdæmi lögreglustjóra nr. 1150/2014. Hjá embættinu starfa nú liðlega 20 starfsmenn, þar af 17 lögreglumenn. Lögð er m.a. áhersla á opin og jákvæð samskipti, gagnsæi, frumkvæði, vönduð vinnubrögð, framúrskarandi þjónustu, vilja til samvinnu og samstarfs og starfsþróun.

Í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra eru sjö sveitarfélög. Aðalstöð lögreglustjóra er á Sauðárkróki.

Einnig eru lögreglustöðvar á Blönduósi og Hvammstanga.

Gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn sem ráðnir verða hafi starfsstöð á Blönduósi og tveir á Sauðárkróki.

### **Helstu verkefni og ábyrgð**

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar um starfsstig innan lögreglunnar nr. 1051/2006 er verkvið og ábyrgð lögreglumanns m.a. eftirfarandi:

- Löggæslustörf, þar á meðal forvarnarstörf og rannsóknir mála.
- Að halda uppi lögum og reglu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli sem honum eru gefin.
- Að tryggja réttaröryggi borgaranna með störfum sínum og framkomu, greiða götu þeirra eftir því sem við á og aðstoða þegar hætta steðjar að eða slys ber að höndum.

Um verkefni og ábyrgð sem starfsstiginu fylgir fer einnig samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996, öðrum ákvæðum reglugerðar um starfsstig innan lögreglunnar nr. 1051/2006 og nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

### **Hæfniskörfur**

**Leitað er eftir einstaklingum með eftirfarandi menntun, reynslu og hæfni:**

#### **Menntun**

Hafa lokið próf frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglu-

fræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar.

## **Reynsla**

- Hafa starfað í lögreglu með farsælum hætti.

## **Persónulegir eiginleikar/hæfni**

- Samskiptafærni og vilji til þess að vinna með fólki, bæði innan og utan lögreglu.
- Skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og jákvæðni.

Lögreglustjóri áskilur sér að nýta heimild í lögreglulögum til að ráða mann sem ekki hefur lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum, að því gefnu að menntaður lögreglumaður sæki ekki um og/eða uppfylli ekki kröfur um hæfni.

## **Frekari upplýsingar um starfið**

Um vaktavinnu er að ræða. Næsti yfirmaður er vakthafandi varðstjóri eða staðgengill hans.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi Lands sambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Umsóknum skal skilað rafrænt inni á vef Starfatorgs, [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is), þar sem staðan er enn fremur auglýst. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2022.**

## **Nánari upplýsingar veitir**

Pétur Björnsson yfirlögregluþjónn í síma **444-0700** eða í tölvupóstfangið **pb01@logreglan.is**.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

# Kæru íbúar Húnaþings vestra.

Eins og flestir vita hefur ekki verið hægt að halda þorrablót  
í tvö síðustu skipti en núna

**...loksins, lOKSiNs, LOKSINS**

er hægt að hugsa um samkomur á ný.

Þess vegna höfum við ákveðið að blása til **PÁSKAGLEÐI**.

**Hvar?**

Félagsheimilinu á Hvammstanga

**Hvenær?**

Laugardaginn 16. apríl 2022


**Hvað?**

**Matur...** ekki samt þorramatur.

**Skemmtiatriði...** extra mikið grín sem nær yfir heil TVÖ ár.


**Uppboð...** hver veit nema eitthvað sem þig dreymir um  
verði boðið upp.

**Dansiball...** nú er aldeilis kominn tími að dusta rykið af  
dansskónum.



**Takið daginn frá!**

Nánar auglýst síðar.  
Stjórn Umf. Kormáks.



## AUGLÝSINGAR Í SJÓNAUKANN

Auglýsingar í Sjónaukann berist á netfangið

**sjonaukinn@sjonaukinn.is**

fyrir miðnætti á mánudögum fyrir birtingu í blaðinu á  
miðvikudeginum eftir.

Verðskrá og frekari upplýsingar má finna á  
sjonaukinn.is

### *Bjartsýni*

*Handan við hornið er sumar og sól  
í huga og sinni' og um grund  
þá vitja ég vina og á hjá þeim skjó og velgjörða  
nýt ég um stund.*

*Magnús Magnússon*

# AFLÉTTINGABALL !

**Er ekki kominn tími til liðka mjaðmirnar?**

Laugardagskvöldið 19. mars mætir Sniglabandið á Hvammstanga og skellir upp langþráðum dansleik í Félagsheimilinu.

Ballið hefst **kl. 23:00 og endar kl. 03:00**, húsið opnar **22:30**.

Forsala er inná [tix.is](https://tix.is) undir Afléttingaball

**ATHUGIÐ AÐ FORSALAN ENDAR Á MIÐNÆTTI 18. MARS,  
MIÐAVERÐ Í FORSÖLU ER 3.900,- EFTIR ÞAÐ KOSTAR  
MIÐINN 5.500,-**

**Ekki láta þetta framhjá ykkur fara!**

Dragið fram tjúttskóna og skellið ykkur í dansgallann því nú skal taka snúning.

MenHúnVest

## STUÐMENN - HEIÐURSTÓNLEIKAR

Tónleikar til heiðurs Stuðmönnum verða haldnir í Félagsheimili Hvammstanga 14. apríl n.k kl. 21:00.

**Miðasala verður á [tix.is](https://tix.is) og miðaverðið 3.500kr**  
(nánar auglýst síðar)

**TAKIÐ DAGINN FRÁ**